

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 20. mars 2026. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Í samskiptum voru:

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Vilhjálmur Birgisson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Eypór Árnason og Björg Bjarnadóttir.

Frá Sambandinu: Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

**1. Grein 12.2.7 í kjarasamningum aðila**

Í kjarasamningum aðila tímabilið 2024 til 2028 var gerð breyting á fyrri málsgrein í grein 12.2.7 og síðari málsgrein greinarinnar fell brott við vegna mistaka. Samkvæmt samkomulagi þann 10 júní 2024 „Betri vinnutími breytingar í köflum 1-2-3-4-12 bókanir og leiðbeiningar stýrihóps“ þá er greinin í heild sinni frá 1. nóvember 2024 eftirfarandi:

Grein 12.2.7 hljóði svo:

12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda og breytingargjalda skv. gr. 2.6.2 sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.

Starfsmaður skóla og annarra stofnana þar sem venjuleg starfsemi liggur niðri hluta ársins, skal í stað reglu þessarar aðeins fá greidda aðra yfirvinnu en greinir í gr. 12.2.6 þá mánuði sem venjuleg starfsemi fer fram og skal yfirvinnustunda fjöldinn ákveðinn með því að finna mánaðarlegt meðaltal þeirra tilfallandi yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 9 heilu starfsmánuði stofnunarinnar eða samsvarandi tímalengd ef starfsmánuðir eru færri eða fleiri.

## 2. Fylgiskjal 3 um viðbótarlaun á einstök starfsheiti

Í fimm ára endurskoðun starfsmats sem tók gildi 1. janúar 2024 var tekin ákvörðun hjá Framkvæmdanefnd starfsmats að gera eftirfarandi breytingar á starfsheitum:

„Starfsmaður í leikskóla með stuðning 1“ verður „Leiðbeinandi í leikskóla með stuðning“

„Starfsmaður í leikskóla með stuðning 2“ verður „Stuðningsfulltrúi í leikskóla“

Aðilar eru sammála um að uppfæra starfsheiti í fylgiskjali 3 um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í samræmi við þessa ákvörðun þannig að þau njóti viðbótarlauna.

Fylgisskjal 3 hljóði svo og gildir frá 1. apríl 2024:

### FYLGISKJAL 3: VIÐBÓTARLAUN Á EINSTÖK STARFSHEITI

#### Samkomulag um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu

Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB um viðbótarlaun sem gildir frá 1. apríl 2024.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi fjárhæðir vegna viðbótarlauna starfsfólks leikskóla og í heimaþjónustu:

| VIÐBÓTARLAUN Á EINSTÖK STARFSHEITI       |                                        |                                        |                                        |                                        |
|------------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|
| STARFSHEITI                              | GILDISTÍMI:                            |                                        |                                        |                                        |
| Starfsfólk í leikskóla                   | Frá 1. apríl 2024<br>til 31. mars 2025 | Frá 1. apríl 2025<br>til 31. mars 2026 | Frá 1. apríl 2026<br>til 31. mars 2027 | Frá 1. apríl 2027<br>til 31. mars 2028 |
| Starfsmaður / leiðbeinandi leikskóla     | 40.546                                 | 41.965                                 | 43.434                                 | 44.954                                 |
| Starfsmaður í leikskóla með aukna ábyrgð | 40.546                                 | 41.965                                 | 43.434                                 | 44.954                                 |
| Leiðbeinandi í leikskóla með stuðning    | 40.546                                 | 41.965                                 | 43.434                                 | 44.954                                 |
| Stuðningsfulltrúi í leikskóla            | 46.834                                 | 48.473                                 | 50.170                                 | 51.926                                 |
| Leikskólaliði                            | 46.834                                 | 48.473                                 | 50.170                                 | 51.926                                 |
| Deildarstjóri 1 og 2 í leikskóla         | 53.122                                 | 54.981                                 | 56.905                                 | 58.897                                 |

| VIÐBÓTARLAUN Á EINSTÖK STARFSHEITI            |                                        |                                        |                                        |                                        |
|-----------------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|
| STARFSHEITI                                   | GILDISTÍMI:                            |                                        |                                        |                                        |
| Starfsfólk í heimaþjónustu                    | Frá 1. apríl 2024<br>til 31. mars 2025 | Frá 1. apríl 2025<br>til 31. mars 2026 | Frá 1. apríl 2026<br>til 31. mars 2027 | Frá 1. apríl 2027<br>til 31. mars 2028 |
| Heimaþjónusta 1, 2 og 3                       | 51.171                                 | 52.962                                 | 54.816                                 | 56.735                                 |
| Félagliði í heimaþjónustu 1                   | 56.158                                 | 58.124                                 | 60.158                                 | 62.264                                 |
| Félagliði í heimaþjónustu 2 (með flokkstjórn) | 62.446                                 | 64.632                                 | 66.894                                 | 69.235                                 |

Við aðlögun viðbótarlauna á einstök starfsheiti skal horfa til sömu viðmiða og gilda í samningi Reykjavíkurborgar við Eflingu stéttarfélag. Viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu taka gildi frá 1. apríl 2024.

Fleira var ekki gert.